

Félag eldri borgara á Akureyri

12. stjórnarfundur EBAK, 20. maí 2020 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Garðar Lárusson, Birgir Björn Svavarsson, Nanna Þórsdóttir, Torfhildur Þorgeirsdóttir og Sigurður Harðarson.

Fjarverandi: Egill Jónsson.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund kl. 13.00.
2. **Fundargerð** til afgreiðslu: 11. stjórnarfundur 4. mars 2020. Samþykkt.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Haukur var 4. mars. Spurt var út í árgjald.
4. **Viðvera á skrifstofu:** Samþykkt var að sleppa viðveru þar til eftir að innheimta árgjalda er komin af stað.
5. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
 - a) Starfið í Bugðusíðu. Búið að vera opið kl. 9-13. Áætlað að svo verði áfram í sumar. Athugað verður með spilamennsku.
 - b) Hjartastuðtæki. Leiðbeinendur frá RKÍ kenna á tækin og verður ekkert gert fyrr en eftir aðalfund því þá kemur nýtt fólk í stjórn og nefndir. Margrét ætlar að kanna með mögulegan tíma.
 - c) Punkturinn. Fyrirhuguðum flutningi Punktisins upp í Víðilund hefur frestað í bili. Til að af flutningi geti orðið þarf margt að gera upp frá, eins og að stækka bílastæði, brjóta niður nokkra veggi, skipta um gólfefni, breyta og bæta vatnslagnir og raflagnir, setja þriggja fasa rafmagn og mála allt. Bæta þarf loftræstingu, lýsingu og hljóðgæði (mikið bergmál), setja upp lyftur.
6. **Bréf frá göngunefnd.** Óskað er eftir styrk vegna rútuferða í Kjarnaskóg. Sama verð og á síðasta ári. 26.000 á ferð. Samþykkt einróma.
7. **Ársfundur LEB. 30. júní 2020.** Félagið á rétt á 7 aðal- og 7 varafulltrúum. Fundurinn verður væntanlega á Hótel Sögu. Haukur fór yfir kostnaðarþátttöku, en EBAK greiðir helming kostnaðar fulltrúanna og LEB hinn helminginn. Kjörbréf þurfa að koma til LEB hálfum mánuði fyrir aðalfund.
8. **Aðalfundur 2. júní 2020.**
 - a) Gátlisti vegna aðalfundar EBAK yfirfarinn og verkaskipting stjórnarmanna staðfest. Fundurinn verður auglýstur á ebak.is og á Facebook fyrir helgi. Auglýsing kemur í Dagskránni miðvikudaginn 27. maí. Benedikt Sigurðarson verður fundarstjóri. Margrét og Garðar rita fundargerð. Margrét útvegar stjórnenda hljóðmála og skjávarpa, einnig sér hún um að setja kaffikönnur á nokkra staði. Ákveðið var að bjóða upp á kaffi og vatn. Kaffitíminn verður stytur niður í 20 mínútur til að minnka hættu á að fólk safnist saman.
 - b) Stjórnarmenn undirrituðu ársreikninga félagsins.
 - c) Dagskrá fundarins var staðfest.
 - d) Ársskýrsla stjórnar var staðfest.
 - e) Móttaka gesta. Birgir tekur á móti gestum og fylgir eftir að allir fundarmenn riti nöfn sín í gestabók. Ekki er vitað um aðra gesti en Bergljótu Jónasdóttur forstöðumann tólmstundamála hjá Akureyrarbæ.

- f) Fundargögn. Dagskrá fundarins og rekstrarreikningur saman á blaði verður afhent við komu.
 - g) Glærur á aðalfundi. Niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga félagsins ásamt sjö hæstu liðum stjórnunarkostnaðar verða settar á glærur. Einnig meginþættir tillagna að breytingum á samþykktum.
 - h) Nafnalisti yfir þá 15 sem hætta störfum á aðalfundinum. Hallgrímur kallar þá sem hætta upp á svið, en þær Nanna og Torfhildur afhenda þeim blóm.
9. **Ályktanir aðalfundar.** Hallgrímur fór yfir ályktanir stjórnar og útskýrði þær, voru þær samþykktar. Hann kynnir fyrri ályktunina en Haukur þá seinni.

10. Önnur mál:

- a) Linda mætti og færði þeim stjórnarmönnum sem hætta blóm með þökkum fyrir sérlega gott samstarf.
- b) Dóra bauð stjórnarmönnum í kaffi og dýrindis meðlæti eftir fundinn.

11. **Fundarslit.** Formaður sleit fundi kl. 14. 50.

Hallgrímur Gíslason ritaði fundargerð.